

Sjöundi fundur Gammadeildar veturinn 2015-16 var haldinn í fyrirtækinu Alta í Ármúla 32, miðvikudaginn 9. mars klukkan 19:30.

Halldóra Hreggviðsdóttir framkvæmdastjóri Alta sagði frá fyrirtækinu Alta og starfsemi þess. Sigríður Jónsdóttir var með orð til umhugsunar.

Klukkan 19:30 bauð Kristín Bjarnadóttir konur velkomnar, hún setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall, margar kveðjur voru fluttar frá Gammakonum víðs vegar að úr heiminum. Alls sátu 19 konur fundinn.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Hertha sagði frá því að hún hefði verið viðstödd Lokahátíð Stóru upplestrar-keppinnar í Hafnarfirði þann 8. mars og að hátíðin hafi farið vel fram og að stundin hafi verið yndisleg. Hún sagði jafnframt að Hafnarfjarðarbær hefði heiðrað okkar konu, Ingibjörgu Einarsdóttur, fyrir tuttugu ára óeigingjarnt starf.

Kristín Bjarnadóttir minnti á heimasíðu DKG á Íslandi og sagði jafnframt að heimasíðan okkar væri komin í mjög gott stand. Hún opnaði hana og sýndi m.a. nokkrar myndir frá síðustu árum. Kristín minnti konur á Vorþingið sem haldið verður í næsta mánuði og hvatti konur til að mæta, hún óskaði einnig eftir einhverju litlu atriði frá deildinni.

Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.

Sigríður Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar. Sigríður byrjaði mál sitt á að ræða um Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar hjá Ingibjörgu daginn áður, þar sem hún hafði verið viðstödd; hún lýsti yfir ánægju sinni með hátíð af þessu tagi. Síðan hélt hún áfram og talaði um hve mikilvægt það væri fyrir börn að kunna að koma fram og hafa gott vald á lestri. Hún sagði að undanfarið hefði hún oft hugsað til ungu erlendu barnanna sem hafa verið og eru að koma til landsins og hvernig þeim muni reiða af í framtíðinni. Hún sagði síðan frá 7 ára langömmubarni sínu sem býr á Spáni en hafði verið í heimsókn því hann langaði að “hafa það kósý” með langafa og ömmu á Íslandi. Hún sagði jafnframt að hann væri mjög duglegur drengur en hún veltir því stundum fyrir sér hvernig hann sé metinn í skólanum á Spáni. Þá las Sigríður hluta úr grein eftir Andra Snæ Magnason sem birtist í bókinni *Tungumál ljúka upp heimum – Orð handa Vigdís*, þar sem Andri Snær fjallar m.a. um þann mikla auð sem fólgin er í þeim börnum sem hafa komið til landsins með fjölskyldum sínum og tala auk íslenskunnar framandi tungumál. Sigríður minntist á að líklega höfum við á Íslandi aldrei átt fleiri börn sem tala reiprennandi erlend tungumál. Loks velti hún þeirri spurningu upp hvort við gerðum okkur grein fyrir því hve mikilvæg erlend börn eru í íslensku samfélagi.

Kristín þakkaði Sigríði fyrir þetta góða erindi og sagði jafnframt að við skyldum bara vera bjartsýnar fyrir hönd þessara barna.

Fyrirlestur kvöldsins Kristín kynnti Halldóru Hreggviðsdóttur sem hún kenndi í Kvennaskólanum forðum daga. Halldóra er jarðfræðingur að mennt en fór aðra leið, hún er ein þeirra kvenna sem hefur sýnt frumkvæði og tekist á hendur leiðtoga hlutverk; í dag er hún framkvæmdastjóri í fyrirtækinu Alta.

Halldóra bauð okkur hjartanlega velkomnar um leið og hún bauð upp á gott kaffi og hollar og góðar veitingar. Hún sagði lítillega frá sjálfri sér, en hún hefur m.a. verið skiptinemi í Mexíkó þar sem hún lærði spænsku, hún tók einkaflugmannspróf árið 1979 en á þeim árum þótti það afar ólíklegt að konur fengju að starfa sem flugstjórar. Halldóra er jarðfræðingur frá Háskóla Íslands og lauk síðan meistaranámi við Stanfordháskóla í jarðfræði á sviði jarðhita en komst fljótlega að því að hún vildi ekki starfa sem vísindamaður og í framhaldi af því bætti hún við meistaranámi í hagverkfræði árið 1989. Halldóra talaði um að þegar litið er til baka þá er augljóst að grunnmenntunin og sú þjálfun sem nemendur fá í skóla skiptir gríðarlega miklu máli.

Halldóra fluttist heim til Íslands að námi loknu og hóf hún fljótlega störf sem sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun við mat á umhverfisáhrifum og sem ráðgjafi á sviði verkfræði. Um aldamótin ákvað Halldóra að stunda fyrst og fremst ráðgjöf og í framhaldi af því stofnaði hún fyrirtækið Alta árið 2001, þar sem hún er framkvæmdastjóri.

Nafn fyrirtækisins Alta er spænskt og var það valið m.a. vegna þess að það er framarlega í stafrófinu. Í dag eru starfsmenn Alta níu, þeir eru með háskólagráður í greinum eins og verkfræði, landafræði, lögfræði, skipulagsfræði, líffræði, landslagsarkitektúr, umhverfisfræði o.fl. Starf þeirra er aðallega fólgið í því að aðstoða viðskiptavinum við að ná farsælum árangri í krefjandi verkefnum og þá fyrst og fremst verkefnum sem tengjast hvers konar skipulagsmálum. Starfsstöðvar Alta eru tvær, aðalstarfsstöðin er í Ármúla 32 og hin vestur í Grundarfirði.

Verkefni Alta ná m.a. yfir: Skipulag og byggðaþróun, mörkun svæða, ferðamál og staðaranda, stefnumótun og verkefnastjórn, svæðisskipulag og sóknaráætlanir, blágrænar ofanvatnslausnir og byggðar- og landslagshönnun. Sem dæmi um eitt af verkefnum Alta var stefnumótun um þjóðgarðinn á Þingvöllum og að aðstoða ráðuneytið við að koma þjóðgarðinum á heimsminjaskrá UNESCO.

Halldóra talaði um að skipulagsmál skipti gríðarlega miklu máli fyrir okkar daglega líf. Hún sagði jafnframt að það sé mjög brýnt að þetta byggðina og auðvitað þurfa samgöngumál að vera í góðu lagi. Það er mikilvægt að þeir sem skipuleggja land og ætla að byggja á því vinni með náttúrunni en ekki gegn henni því það er ákaflega mikilsvert að búa til gæða umhverfi. Þá sagði Halldóra frá rammaskipulagi fyrir Urriðaholt sem er hluti af Garðabæ. Það er gríðarlega stórt verkefni sem Alta hefur unnið en bæði innlendir og erlendir sérfræðingar hafa einnig komið að því. Hverfið er umkringt óspilltri náttúru en samt er stutt í góðar samgönguæðar sem tengja það við aðra hluta höfuðborgarsvæðisins. Landfræðilega er hverfið álíka stórt og Þingholtin í Reykjavík og þar á að rísa fjölbreytt byggð fyrir alla aldurshópa.

Við hönnun Urriðaholts var lögð mikil áhersla á að byggðin yrði að lifandi og sjálfstæðu samfélagi þar sem gott væri að búa. Halldóra talaði um að á síðustu áratugum hafi maðurinn “tamið landið” til hins ýtrasta og nú væri komið að þolmörkum. Þannig að við skipulag svæðisins var allt kapp lagt á að sambúðin við náttúruna yrði vel heppnuð og að Urriðaholt yrði umhverfisvæn byggð í hæsta gæðaflokki. Við hönnunina var m.a. hugað að: gönguleiðum, hjólastæðum, vetrarvindum og skjóli, vatnsbúskap hverfisins svo eitthvað sé nefnt. Í stað þess að fela vatnið í pípum neðanjarðar þá verður það sýnilegt, þetta hefur ekki verið gert á Íslandi áður. Það verður áreiðanlega skemmtilegt að alast upp í Urriðaholtinu því að fá að leika sér t.d. í litlum lækjum er yndislegt. Eins og Halldóra minnti á þá er vatnið lífið.

Fyrirtækið Alta getur verið afar stolt af þessu verkefni en það hefur nú þegar hlotið nokkur alþjóðleg verðlaun. Urriðaholt er fyrsta hverfið á Íslandi til að fá BREEAM vottun en Halldóra sagði að það væri nánast eins og Óskarsverðlaun!

Við lok þessa áhugaverða erindis spunnust líflegar umræður, einnig svaraði Halldóra hinum ýmsu spurningum. Að lokum sýndi hún stutt en mjög áhugavert myndband um sjálfbærar vatnsbúskap.

Fundarlök.Rétt fyrir klukkan 22:00 þakkaði Kristín Halldóru fyrir yndislegar móttökur og frábæra kynningu og færði henni rós sem er m.a. tákn hugrekksis og sköpunar. Þá var fundi slitið og slökkt á kertunum.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.